

Fundur 13.11.2023 Ingólfur Arnarsson fornmaður.

Góða kvöldið og komið þið sæl.

*Já góða kvöldið. Og velkomin.*

Sérhver einstaklingur skiptir miklu máli og eru það sífellt ný svið kærleikans og þekkingarinnar sem ég fæ að kynna og nýt ég þess mjög að tala við næmt fólk sem skynjar mig og okkur aðra fornmenn og gef ég mér alltaf tíma til að eiga í slíkum samskiptum.

Og er það gefandi fyrir mig og aðra úr okkar hópi sem teljast til fornanna, samkvæmt ykkar mál venju og vil ég ítreka það að í ykkar hópi eru fjölmargir með mikla andlega hæfileika og myndi hópur ykkar stórlega magnast og batna ef þeir hæfileikar væru allir notaðir til fulls.

Þau eru svo mörg störfín sem ég hef fengist við um æfina, að það yrði löng upptalning og myndi kannski ekki segja ykkur svo mikið í raun, nema þið vissuð hvað byggir að baki orðunum og hefur þó ekki Íslenskan breyst svo mikið að þið mynduð skilja okkur nokkurn veginn, ef við myndum tala okkar forna tungumál, en mynduð kannski hvá í nokkrum orðum.

*Því meiri orka.*

Já orka og má snúa því á marga vegu, vissulega, hef ég í mörgum seinni framlífs skeiðum reynt að bæta fyrir afleiðingar af þeim mörgu lífskeiðum sem ég lifði undir áhrifum frá minni bókstafstrú og margvíslegum verkum og þótt þau mörg hafi nú verið góð á ykkar mælikvarða, voru þau kannski sum ekki eins góð að minnsta kosti af kristnum mælikvarða og hef því þurft að mörgu að hyggja á löngum tíma, þótt komin sé á lífstefnuhrautina fyrir löngu, og hafi kannski verið á henni frá upphafi.

En sérhver einstaklingur er mikilvægur eins og ég sagði hér í upphafi og get ég ekki komið að því í smá atriðum, en í fjölmörgum seinni æfiskeiðum mínum, hef ég átt samskipti við einstaklinga á framlífs jörðum sem eru með sterkari sambönd og tengingu við Guðina og hin æðri mannkyn en áður.

Og hefur okkur orðið því meira ágengt að hjálpa ykkur og öðrum, en nú um stundir eru margskonar náttúruhamfarir búnar að eiga sér stað á ykkar landi og mínu gamla landi og aðrar í vændum ef,

Afsakið sambandið er eitthvað óstöðugt, ég kem mjög sjaldan í sambandið en ég gat sagt örfá orð fyrir mjög mörgum árum.

Ég hef reynt að vera með mörgum sem hér eru, miðlinum og fleiri, ég ætlaði að víkja að því hér í kvöld, hvernig við gátum samið við Guðina um vernd fyrir náttúruhamfarir.

Ég verð að kveðja ykkur að sinni, sambandið er að dvína og ég er fornmaður og

*Þú heitir?*

Landnámsmaður Ingólfur Arnarson.

*Vertu velkominn og heill og sæll.*

Ég kem of sjaldan, ég kom hjá ykkar gamla miðli, ætlaði að segja ykkur frá stöðunum á landinu og rifja upp hér örlítið tengt því, verð að koma síðar, orkan, það eru einhverjar truflanir á orkunni, gaman að ræða við ykkur.

*Má ég koma með eina spurningu?*

Já reyni að svara því.

*Hver var ástæðan fyrir því að þú og Hjörleifur fóruð frá Noregi?*

Já, við vorum að leita að Thule, við vorum að leita að framtíðarlandinu og

*En voruð þið orðnir kristnir?*

Nei, vorum ekki kristnir, hann var örlítið blendinn í trúnni ha ha.

Já það verður gaman að koma inn á þetta síðar, mikið efni en ekki hægt að, verð að koma inn á þetta síðar, en þakka ég þó fyrir spurninguna.

Verið þið sæl og blessuð öll sömul.

*Vertu blessaður og takk fyrir.*